
STARFSLÝSING

Yfirmaður : Leikskólastjóri
Stofnun/deild: Leikskólinn Eyrarvellir Neskaupstað

1. Meginviðfangsefni

Starfar samkvæmt lögum og reglugerð um leikskóla, öðrum lögum er við eiga aðalnámskrá leikskóla og stefnu viðkomandi sveitarfélags.

2. Helstu verkefni

2.1. Almennt

- Vinnur ásamt leikskólastjóra að daglegri stjórnun leikskólans og skipulagningu uppeldisstarfsins og ef hann starfar jafnframt sem deildarstjóri fer hann þá eftir starfslýsingu hans.

2.2. Stjórnsýsla

- Er aðstoðarmaður leikskólastjóra og ber ásamt honum ábyrgð á rekstri leikskólans.
- Er staðgengill í fjarveru leikskólastjóra og starfar þá samkvæmt starfslýsingu hans.
- Heimilt er að aðstoðarleikskólastjóri starfi ekki sem deildarstjóri.

2.3. Þjónusta

- Ber ásamt leikskólastjóra ábyrgð á að unnið sé eftir aðalnámskrá leikskóla og skólanámskrá leikskólans, að áætlanir þar um séu gerðar og reglulegt mat fari fram.

2.4. Fjármál

- Er í störfum sínum bundinn af fjárhagsáætlun Fjarðabyggðar hverju sinni.

2.5. Starfsmenn

- Situr starfsmannafundi, deildarstjórafundum og aðra fundi er leikskólastjóri segir til um og varðar starfsemi leikskólans.

2.6. Samskipti

- Sér um samskipti og samvinnu við foreldra í samráði við leikskólastjóra
- Situr foreldrafundi, sem haldnir eru á vegum leikskólans

2.7. Önnur verkefni

- Sinnir að öðru leyti þeim verkefnum er varðar stjórnun leikskólans sem yfirmaður felur honum.
- Hefur yfirumsjón með heimasíðu leikskólans



Aðstoðarleikskólastjóri

3. Hæfni- og samstarfsmarkmið

3.1. Menntun

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla af stjórnun og rekstri.

3.2. Hæfnisþættir

- Frumkvæði í starfi og lausnamiðuð hugsun.
- Sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Skipulagshæfni.
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum.
- Hæfni til að miðla upplýsingum í töluðu og rituðu máli.

Fjarðabyggð _____

Yfirmaður

Starfsmaður